

Nr. 1398

13. desember 2018

GJALDSKRÁ fyrir kattahald í Grundarfjarðarbæ.

1. gr.

Leyfisgjald fyrir að halda kött í Grundarfirði, sbr. 10. gr. samþykktar um kattahald í Grundarfjarðarbæ nr. 368/2006 skal vera 5.994 kr.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. mars ár hvert, en eindagi er 31. mars ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, merkispjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Við hverja afhendingu handsamaðs óskráðs kattar ber að innheimta gjald, 14.412 kr. Að auki skal eigandi greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar er sett samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um kattahald í Grundarfjarðarbæ nr. 368/2006 og öðlast gildi 1. mars 2019. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1107/2014.

Grundarfirði, 13. desember 2018.

Björg Ágústs Þóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2019